

Hræddustu krakkarnir

Sagan hér að neðan inniheldur engin lýsingarorð.

1. Skrifaðu textann aftur upp og bættu inn lýsingarorðum í staðinn fyrir bandstrikin.
2. Veldu þér 10 lýsingarorð úr sögunni og stigbreyttu þau. Settu orðin upp í töflu.



VAL Einstaklings

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég get bætt við viðeigandi lýsingarorðum inn í texta.
- ☐ Ég get farið eftir málfræðireglum.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- ☐ geti gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði.

Afurð: Vel upp sett skjal.

Það var á mánudagsmorgni að _____ kennarinn í Borgarhólsskóla þusti _____ inn í kennslustofuna. „Allir í útifötin, við erum að fara í _____ vettvangsferð.” Krakkarnir urðu _____ af gleði. Þeir flýttu sér út úr _____ skólanum og biðu _____ eftir kennaranum. Það var vetur og allir voru vel klæddir. Strákarnir voru allir í _____ buxum og sumar stelpurnar voru með _____ húfur. _____ kennari kom nú út í _____ snjóbuxum og _____ skóm. _____ skíðagleraugu huldu nær allt andlitið en á höfðinu hafði hún _____ lambúshettu. „Jæja, þetta á eftir að verða _____ dagur. Í dag ætlum við nefnilega að leita að snjómanninum ógurlega.” Sigga og Tumi klöppuðu saman lófum af gleði. Krakkarnir urðu _____ af spenningi. Þau höfðu aldrei séð _____ snjómanninn. Skyldi hann vera til í alvörunni. Þessi _____ vettvangsferð gæti bæði orðið _____ og _____. _____ hópurinn hélt af stað í átt að fjallinu. Veðrið var _____. Það snjóaði og vindurinn blés. Við sparkvöllinn rak Sara upp _____ öskur. Hún var _____ í framan og benti _____ á eitthvað í snjónum. Tristan, Freyja og Þór hlupu _____ til hans. Þau sáu _____ fótspor í snjónum. Einn kennari kom og dró upp _____ stækkunargler og _____ myndavél. Agnes kom til aðstoðar og tók margar _____ myndir af fótsporinu. Kennarinn skoðaði _____ fótsporið gaumgæfilega og greip andann á lofti. „Jú, það er ekki um að villast. Þetta er spor eftir hann, _____ snjómanninn.” Þura, Agnar, Sölvi og Rósa urðu agalega hrædd og öskruðu _____ á hvort annað. Svo hélt _____ hópurinn áfram för sinni. Þegar þau komu inn á Aparóló heyrðu þau _____ hljóð. Allir frusu í sömu sporum. „Hvað í ósköpunum var þetta?” hvíslaði Embla. „Þetta líktist mest _____ bjarndýri,” svöruðu Ronja og Hallur í kór. Finnur og Mjöll skræktu af hræðslu.

_____ kennarinn stökk fram fyrir hópinn og skimaði í allar áttir. „Mér heyrir hljóðið koma frá _____ kastalanum. Þorgeir og Stefán, þið farið og kannið aðstæður.” Strákarnir urðu _____ í framan. „Við? Af hverju við?” stömuðu þeir en læddust samt af stað skjálfandi á beinunum. Aparólan var _____ og _____ í morgunskímunni. _____ kennari og krakkarnir horfðu _____ á eftir strákunum. Rúnar, Fanney og Gabríela voru _____ enda höfðu þau alltaf verið dauðhrædd við snjómanninn. Skyndilega skaust _____ köttur inn á _____ leikvöllinn. Hann virtist vera _____. Rúna var _____ og hljóp á eftir aumingja kettinum. Hún hafði ekki hlaupið langt þegar _____ hagléli tók að rigna niður. Allir urðu _____ og hlupu í skjól undir _____ kastalabrúna. „Hér skall _____ hurð nærri hælum. Þetta er _____ haglél sem ég hef séð. Við erum heppin að vera á lífi,” sagði _____ kennari. Í sömu andrá brakaði ískyggilega í _____ kastalabrunni. Krakkarnir öskruðu af öllum lífs og sálarkröftum. Var _____ snjómaðurinn búinn að ná þeim?

Brakið varð sífellt háværra. Svo tók brúin að sveiflast til og frá. Einhver _____ var greinilega að ganga yfir brúna. _____ kennari var _____. Hún hnippi í Karl og skipaði honum að segja eitthvað. Atli varð _____ en hvíslaði svo hásri röddu: „Hver gengur yfir kastalabrúna? Ertu nokkuð _____?” Brúin hætti að sveiflast. _____ urr barst þeim til eyrna. Einhver _____ stappaði reiðilega niður fótum á brunni. Ása varð _____ og stökk upp í fangið á _____ kennara. Brjánn tók upp _____ stein og kastaði honum upp á brúna. „Áiiiiiii,” rumdi _____ rödd ofan af brunni. „Hver kastaði í mig _____ grjóti?” Krakkarnir og kennarinn litu _____ hvert á annað. Gat _____ snjómaðurinn talað? Þungt fótatak barst frá stiganum. Svo birtust _____ fætur í _____ skóm. Hópurinn öskraði allur sem einn. Krakkarnir voru _____ en gátu sig hvergi hreyft fyrir hræðslu. _____ snjómaðurinn var að koma og hann myndi sennilega éta þau öll. Nú birtist _____ skyrti í stiganum og svo _____ andlit sem brosti til þeirra. „Þið hér, ég var einmitt að leita að ykkur. Ætluðum við ekki að fara í vettvangsferð?” „Þórgunnur skólastjóri ert þú snjómaðurinn?” æptu krakkarnir öll í einu.